

Vinnureglur varðandi heilgóma

Útgáfa dags: 1. júlí 2025.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 766/2024 taka Sjúkratryggingar þátt í kostnaði aldraðra og öryrkja vegna smíði gervigóma (heilgóma, plantagóma, stálparta) auk bráðabirgðaheilgóma **ef meira en sex ár eru liðin** frá því að Sjúkratryggingar tóku þátt í kostnaði við smíði gervigóms í sama góm.

Þeir einstaklingar sem fengu greiðsluþátttöku frá Sjúkratryggingum vegna smíði efri sáragóms (gjn. 703) fyrir 1. september 2024 geta átt rétt á greiðsluþátttöku vegna smíði efri plantagóms **ef meira en tvö ár eru liðin** frá smíði sáragóms á sama svæði. Sé gjaldliður 705 notaður falla niður þær takmarkanir sem annars eiga við um greiðsluþátttöku vegna gjaldliðar 715. Sækja þarf um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga.

Ekki er í gildi undanþága frá 6 ára reglu vegna smíði neðri plantagóms (gjn. 716) þ.a. smíði sáragóms (gjn. 703) hindrar rétt til greiðsluþátttöku á neðri plantagóm í 6 ár. Sé gjaldliður 705 notaður falla niður þær takmarkanir sem annars eiga við um greiðsluþátttöku vegna gjaldliðar 716.